

GIRA

GIRA

Öryggisupplýsingar


Gætið þess að álag á tækið fari ekki yfir leyfileg mörk.
Ekki má raðtengja tæki í húsum með kló og innstungu.
Aðeins má nota tækið innandyrar þar sem það er varið fyrir áhrifum raka, ryks, sólarljóss og hita.
Upplýsingar um samræmi við visthönnunartilskipun: Ekki er hægt að slökkva á tækinu eða setja það í biðstöðu þar sem slíkt samræmist ekki fyrirhugaðri notkun þess.

Fyrirhuguð notkun

LAN-breytistykkið er notað til að senda veðurupplýsingar af netinu til Gira orku- og veðurstöðvar.
Ef tækið er notað með öðrum hætti en lýst er í þessum notkunarleiðbeiningum telst það vera röng notkun og fellur ábyrgð vegna galla og skaðabótaábyrgð þá úr gildi. Þetta á einnig við um breytingar sem gerðar eru á tækinu.

Lýsing á virkni

LAN-breytistykkið tengir Gira orku- og veðurstöðina við internetið.
LAN-breytistykkið sækir veðurspá af netgátt þjónustuaðila og sendir hana þráðlaust til orku- og veðurstöðvarinnar. Kerfistíminn er sendur um leið. Hægt er að grunnstilla LAN-breytistykkið með hugbúnaði í tölvu.
LAN-breytistykkið er með tvær rásir sem hægt er að tengja við eins margar orku- og veðurstöðvar og óskað er.
Rás 1 er tengd með rásahnappi 1. Veðurspáin fyrir rás 1 er auðkennd með "Home" (heima) í orku- og veðurstöðinni.
Rás 2 er tengd með rásahnappi 2. Hægt er að sýna veðurspána fyrir rás 2 á annarri orku- og veðurstöð.




Búnaðurinn tekinn í notkun

LAN-breytistykkið fær spennu úr 230 V veitukerfinu.
1. Stingið LAN-breytistykkinu í samband við rafmagnsinnstungu.
2. Tengjið LAN-breytistykkið við staðarnetið með meðfylgjandi netsnúru.
Staðarnetið verður að vera tengt við internetið.
✓ Báðar ljósdíóðurnar loga í u.þ.b. fimm sekúndur
Þar sem húsið er bæði með kló og innstungu er áfram hægt að nota innstunguna fyrir allan rafbúnað með allt að 16 A.

LAN-breytistykki tengt

Stillingu á orku- og veðurstöð breytt fyrir rás 2.
Ef tengja á rás 2 við orku- og veðurstöðina þarf að velja "LAN 2" í grunnstillingavalmynd orku- og veðurstöðvarinnar.

1. Haldið viðkomandi rásahnappi á LAN-breytistykkinu inni í þrjár sekúndur.
 - ✓ Næstu fimm mínúturnar sendir LAN-breytistykkið þá frá sér tengingarmerki með fimm sekúndna millibili. Meðan á tengingunni standur logar ljósdíóða rásarinnar.
 2. Innan þessara fimm mínútna skal setja orku- og veðurstöðina í tengingarstillingu (sjá notkunarleiðbeiningar fyrir orku- og veðurstöð).
 - ✓ Þegar tengingu hefur verið komið á birtast veðurupplýsingarnar á skjá orku- og veðurstöðvarinnar.
 3. Stutt er aftur á rásahnappinn til að fara úr forritunarstillingunni á LAN-breytistykkinu.
- Hægt er að tengja LAN-breytistykkið við eins margar orku- og veðurstöðvar og óskað er.



Tengingu eytt

Aðeins er hægt að eyða tengingu LAN-breytistykkisins á orku- og veðurstöðinni.


Uppsetning hugbúnaðar

- Stýrikerfi og búnaður:
- Stýrikerfi: Windows XP, Windows Vista, Windows 7
 - Nettengi
 - Tenging við internetið
- Uppsetning:
1. Setjið meðfylgjandi geisladisk í.
 - ✓ Geisladiskurinn fer sjálfkrafa af stað.
 2. Fylgið uppsetningarleiðbeiningum.

Grunnstilling

1. Ræsið hugbúnaðinn.
2. Ef um fleiri en eitt LAN-breytistykki er að ræða:
Veljið LAN-breytistykkið sem á að grunnstilla í fyrsta glugganum og smellið á "Velja".
Ef aðeins eitt LAN-breytistykki er fyrir hendi á staðarnetinu er hlaupið yfir þetta val og tölvan finnur LAN-breytistykkið sjálfkrafa.

Uppbygging valmyndar



Skrá

- Skipta um LAN-breytistykki: Ef um fleiri en eitt LAN-breytistykki er að ræða er hægt að skipta milli LAN-breytistykkja hér.
- Loka: Hér er forritinu lokað.

Stillingar

- Netstillingar: Hér eru færðar inn grunnstillingar fyrir staðarnetið.
- Tungumál: Val á tungumáli fyrir notendaviðmót hugbúnaðarins.
- Uppfærsla á fastbúnaði: Hér er hægt að uppfæra fastbúnaðinn.
- Verksmiðjustillingar: Hér er hægt að endurstilla LAN-breytistykkið.

Hjálp

- Hjálp: Sýnir handbókina.
- Upplýsingar: Sýnir upplýsingar um forritið.

Staður - rás 1 (Home) / rás 2

Ef sýna á veðurupplýsingar frá tveimur mismunandi stöðum, t.d. heimabæ og sumardvalarstað, á tveimur orku- og veðurstöðvum skal tengja upplýsingarnar fyrir heimabæ við rás 1. Á veðurspárvæði orku- og veðurstöðvarinnar birtist þá "Home".



Stillingu á orku- og veðurstöð breytt fyrir rás 2.

Ef tengja á rás 2 við orku- og veðurstöðina þarf að velja "LAN 2" í grunnstillingavalmynd stöðvarinnar.

- Veljið samsvarandi flipa: Til dæmis rás 1 (Home) fyrir heimabæinn eða rás 2 fyrir sumardvalarstaðinn.
- Sláið inn land og stað fyrir veðurspá eða veljið með fellivalmynd.
- Veljið hvaða upplýsingar eiga að koma fram á skjá orku- og veðurstöðvarinnar. Hægt er að sýna eftirfarandi upplýsingar á skjánum:
 - Lægsta og hæsta hitastig
 - Hitastig og líkur á rigningu
 - Hitastig og vindhraða
 - Hitastig og rakastig
- Veljið tímabelti staðarins.
- Þegar stillingarnar hafa verið færðar inn skal smella á "Staðfesta" til að færa rásarstillingarnar yfir á LAN-breytistykkið.

Netstillingar

Í valmyndinni "Netstillingar" er hægt að grunnstilla staðarnetið. Smellt er á reitinn "Nota DHCP" til að gera DHCP óvirkt eða virkt. Sjálfgefin stilling er að DHCP sé virkt.

Ef LAN-breytistykkið fær ekki úthlutað IP-tölu innan tíu sekúndna notar það eftirfarandi netstillingar:

IP-tala: 192.168.1.50
Undirnetsmát: 255.255.255.0
Gátt: 192.168.1.1
Aðal-DNS-þjónn: 192.168.1.1
Auka-DNS-þjónn: 192.168.1.1

Uppfærsla á fastbúnaði

Í valmyndinni "Uppfærsla á fastbúnaði" er hægt að uppfæra fastbúnað LAN-breytistykkisins.



Ekki uppfæra með þráðlausu neti

Uppfærsla á fastbúnaði má ekki fara fram með tengingu við þráðlaust staðarnet.

Uppfærið fastbúnaðinn á eftirfarandi hátt:

1. Veljið „Uppfærsla á fastbúnaði“ í valmyndinni "Stillingar".

✓ Uppfærslan er sett upp. Stika sýnir hvernig uppfærslunni vindur fram.

Að uppfærslunni lokinni er LAN-breytistykkið endurræst. Við það rofnar tengingin milli tölvunnar og LAN-breytistykkisins. Ef uppfærslan hefur farið rétt fram birtist tilkynning á skjánum að endurræsingunni lokinni. Þegar LAN-breytistykkið er endurræst glatast samstillingin við tengdar orku- og veðurstöðvar. Þegar það gerist leitar LAN-breytistykkið að orku- og veðurstöðinni næstu 15 mínútur. Til að koma samstillingu aftur á handvirkt er hægt að tengja LAN-breytistykkið aftur við orku- og veðurstöðina eins og lýst er í kaflanum "LAN-breytistykki tengt".

Ef uppfærslan fór ekki rétt fram birtast villuboð á skjánum. Skal þá kanna netstillingar og endurtaka uppfærsluna.

Endurstillt á verksmiðjustillingu

Ef LAN-breytistykkið virkar ekki rétt er hægt að endurstilla það á verksmiðjustillingu:

- Takið LAN-breytistykkið úr sambandi við innstunguna.
- Styðjið á báða hnappana (rás 1 + rás 2) í einu og setjið LAN-breytistykkið aftur í samband við innstunguna. Haldið báðum hnöppunum inni í þrjár sekúndur.
- ✓ Báðar ljósdíóðurnar blikka hratt í tvær sekúndur og loga síðan í fimm sekúndur til viðbótar.

Sending gagna og truflanir

LAN-breytistykkið sendir gögn til orku- og veðurstöðvarinnar með 2 - 3 mínútna millibili. Þar sem þráðlaus sendingin fer ekki um lokaða leið er ekki hægt að útiloka truflanir. Nánari upplýsingar er að finna í notkunarleiðbeiningum orku- og veðurstöðvarinnar.

Til að koma samstillingu aftur á handvirkt er hægt að eyða tengingu LAN-breytistykkisins úr orku- og veðurstöðinni og tengja hana að nýju eins og lýst er í kaflanum "LAN-breytistykki tengt".

Viðhald og þrif

Áður en LAN-breytistykkið er þrifið skal taka það úr sambandi við rafmagn. Það er gert með því að taka það úr innstungunni.

Varan er viðhaldsfrí. Látið fagmenn annast allar viðgerðir. Hreinsið vöruna með mjúkum, hreinum og þurrum klúti sem skilur ekki eftir sig kusk.

Ef um mikil óhrainindi er að ræða er hægt að væta klúttinn lítillega með volgu vatni. Notið ekki hreinsiefni sem innihalda leysiefni. Það getur valdið skemmdum á plasthúsinu og áletruninni.

Tæknilýsing

Spennugjafi:	230 V / 50 Hz
Inngangs afl:	1,2 W
Tengt afl:	hám. 3860 VA
Tími milli sendinga:	2 til 3 mínútur (breytilegt)
Senditíðni:	868,35 MHz
Drægi án hindrana:	100 m
Umhverfishiiti:	0 til 50°C
Mál (BxHxD):	56 x 126 x 78 mm



Athugið

Framleiðandi og söluaðili þessa LAN-breytistykkis taka enga ábyrgð á röngum gildum og þeim afleiðingum sem af því kunna að hljóta.

Framleiðandi og söluaðili hafa engin áhrif á móttæknar veðurupplýsingar og veðurspár. Veðurupplýsingar eru látnar í té af utanaðkomandi þjónustuaðila.

Framleiðandi ábyrgist ekki að upplýsingar séu ávallt tiltækar og réttar.

Samræmisyfirlýsing

Notkun LAN-breytistykkisins er leyfð í öllum aðildarríkjum ESB og EFTA.

Samræmisyfirlýsingu er að finna á niðurhalssvæðinu **www.download.gira.de**.

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjatar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.